

## 6. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda svo og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðra ómerkta flækingshunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama. Við ítrekað brot skal hundinum lógað. Kostnaður við töku hunda skal ákveðinn af bæjarstjórn og að fullu greiddur af eiganda. Hættulegum hundum, t.d. þeim sem ráðast á menn og skepnur er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

## 7. gr.

Borgarnesbær eða aðilar á hans vegum í samráði við heilbrigðisnefnd og lögreglustjóra hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari.

## 8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Borgarness staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi fyrri samþykkt um hundahald í Borgarnesi nr. 278 frá 2. júlí 1976.

*Heilbrigðis- og tryggingmálaráðuneytið, 6. júní 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

## 1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, ljósrit umsóknar ásamt umsóknargögnum sendast lyfjanefnd. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintök og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 36.000,00.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum lyfjaformum eða styrkleikum sérlyfja eða um skráningu nýrrar ábendingar sérlyfs skal rita nýja umsókn. Er skráningargjaldið þá kr. 18.000,00.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingum á skráðum sérlyfjum með umsókn svo og um framlengda skráningu sérlyfja, sem hafa verið skráð með nánar tilgreindum tímamörkum. Ekkert skráningargjald er fyrir slíkar umsóknir.

Framgreind skráningargjöld eru óafturkræf þótt umsókn sé synjað.

## 2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 7.250,00 er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

## 3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu árgjalds sérlyfs, ef sérstakar aðstæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

## 4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984 og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 428/1989.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júní 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*

**REGLUGERÐ****fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.**

## 1. gr.

Hlutverk Fiskveiðasjóðs Íslands er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

Lán vegna nýsmíði, innflutnings og endurbóta á fiskiskipum skulu við það miðuð, að afkastageta fiskiskipastólsins verði í sem bestu samræmi við afrakstursgetu fiskstofnanna.

Lán til endurbóta á fiskiskipum skulu fyrst og fremst stuðla að orkusparnaði, bættri aflameðferð og bættum aðbúnaði skipshafnar.

Lán til fiskvinnslufyrirtækja skulu við það miðuð, að afkastageta í hefðbundnum vinnslugreinum aukist ekki, heldur stuðli að nýjungum, aukinni framleiðni og bættum gæðum afurða.

## 2. gr.

Umsækjandi skal jafnan gera fullnægjandi grein fyrir fjármögnun framkvæmda umfram það sem felst í láni Fiskveiðasjóðs.

Pegar um er að ræða nýsmíði fiskiskips eða kaup á skipi erlendis frá þarf umsækjandi að hafa lagt það sem vantar á að fjármögnun sé tryggð inn á bundinn bankareikning eða leggja fram bankaábyrgð fyrir því áður en umsókn er afgreidd.